

Tillaga um ný lög varðandi setningu reglugerða

Ástæða: Breytingar á reglugerðum og setningu nýrra reglugerða hefur verið í höndum stjórnar og þings. Ekki er skýrt í lögum BLÍ hver það er sem hefur heimild til að setja reglugerðir og með þessu ákvæði er verið að skerpa á því. Einnig er þá alveg ljóst með tilkomu þessara laga að þá er stjórn BLÍ færð vald á milli þinga til að setja reglugerðir.

Tillaga:

Stjórn BLÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýja reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt ákvörðun stjórnar BLÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu með rafrænum hætti og á heimasíðu BLÍ.

Óski aðildarfélag eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar BLÍ

Tillaga að vinnulagi við gerð reglugerðarbreytinga :

Fyrsta skref:

Í upphafi er fjallað um reglugerðir (nýjar eða breyttar) á stjórnarfundi BLÍ og ákveðið hvort reglugerðin fari í frekara ferli, þurfi úrvinnslu eða frekari skýringar. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

Annað skref:

Ef reglugerðin fer áfram til vinnslu þá metur stjórnin síðan hvort um sé að ræða minniháttar (óverulegar) breytingar sem stjórn telur ekki að þarfnist sérstakrar umræðu í hreyfingunni. Ef tillagan er samþykkt af stjórninni mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð eða nýsetninguna. Að öðrum kosti er málið látið niður falla.

Þriðja skref:

Hinsvegar ef um er að ræða að mati stjórnar stærri breytingu (verulegar) þá mun hefjast tveggja vikna umsagnarferli hjá aðildarfélögum um tillögur með því að almenn kynning er send út og í einhverjum tilfellum boðað til sérstakra upplýsinga- og samráðsfunda með aðildarfélögum um leið og umsagnarferli stendur yfir.

Fjórða skref:

Að loknu tveggja vikna umsagnarferli er að nýju umfjöllun hjá stjórn BLÍ sem tekur ákvörðun um breytinguna eða nýsetninguna.

Fimmta skref:

Ef tillagan er samþykkt af stjórninni mun verða send út tilkynning um uppfærða reglugerð. Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar BLÍ. Ekki þarf að birta

þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu BLÍ. Ef reglugerðin er ekki samþykkt er að öðrum kosti málið látið niður falla.